Alþingi
Erindi nr. Þ112/613
komudagur 8/3 1990

Alþingi Íslendinga
c/o Þórður Bogason

150 REYKJAVÍK

Grundarfirði 7 marz 1990

Stjórn Vinnuveitendafélags Breiðafjarðar vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 352 mál.

1. Við teljum jákvætt að fella niður sóknarmark.

2. Við viljum afnema kvótasölur frá bátum til togara en erum sammála kvótafærslum milli allra á jöfnum verðmætum. Núverandi færsla til togara frá bátaflotanum stefnir í stórhættu. Við viljum því binda hlutföll þannig að bátar og torgarar skipti jöfnu í þorskígildum.

3. Útflutningskvóti komi á hvert skip, í hlutfalli við þeirra þorskíigildi, og verði hann framseljanlegur.

4. Þriðja málsgrein 11 greinar "Hyggist útgerð selja fiskiskip og osfrv." falli niður. Þessi auglýsingarstarfssemi í lögbirtingarblaðinu eykur á þennslu blaðsins og ennþá meira á uppboðsmarkaði kvótabáta.

5. Öll kvótaskerðing vegna útflutnings í gámum og skipum verði notuð sem verðlaun til heimalöndunarbáta.

6. Ráðherravaldið samkvæmt þessum lögum er alltof mikið afl í stjórnun veiðanna. Hörpudiskabátar hafa orðið fyrir mikilli skerðingu vegna þessa.

7. Við teljum tímabært að afnema ráðherravaldið og færa veiðistjórnunina til Fiskifélagsins.

Í stjórn Vinnuveitendafélagsins:

Soffanías Cecilsson Grundarfirði
Olafur Rögnvaldsson Hellisandi
Olafur Gunnarsson Olafsvík

Virðingarfyllst,

Soffanías Cecilsson
Fh. Stjórn Vinnuvf. Breiðafj.